

**Bókun íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis vegna erindis um gönguljós yfir Kringlumýrarbraut við Listabraut****Bókun**

Málsnúmer: USK2021060111

Bréfalyklar: 5.21 Umferðarljós

Eigandi skjals: Ásdís Baldursdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 25.06.2021

Dagsetning skjals: 25.06.2021

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: Heimir.Snaer.Gudmundsson@reykjavik.is

| | | | |
|------------------------------|---------------------------------|----------------------------|-----------------------------|
| Skjalalykill Móttökudags. | 5.21 Umferðarljós 25.06.2021 | Málsnúmer Skráð í GoPro | USK2021060111 25.06.2021 |
|------------------------------|---------------------------------|----------------------------|-----------------------------|

| Viðtakandi | Sendandi |
|-----------------|-------------------|
| Deild (Ráðhúss) | Fyrirtæki/stofnun |
| Starfsmaður | Nafn |
| | Kennitala: |

| | | |
|---------------------------|--------------|-----------------|
| Tegund skjals Efnisorð | Bókun | Fyrir Borgarráð |
|---------------------------|--------------|-----------------|

Sent:**Sent til:**

Notandi: Heimir.Snaer.Gudmundsson@reykjavik.is

Dagsetning: 25.6.2021 10:18:58

Til: "Glóey Helgudóttir Finnsdóttir" <Gloey.Helgudottir.Finnsdottir@reykjavik.is>, "Jóhanna Guðjónsdóttir" <Johanna.Gudjonsdottir@reykjavik.is>, "USK Þjónusta netfang" <usk@reykjavik.is>

Efni: Bókun íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis vegna erindis um gönguljós yfir Kringlumýrarbraut við Listabraut

Tilvísun í mál: R21060252

Með kveðju

Heimir Snaer Guðmundsson

Starfsmaður íbúaráða

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar/

Reykjavík's office of Human Rights and democracy

Ráðhús Reykjavíkur/Reykjavík City Hall

Netfang/Email: Heimir.Snaer.Gudmundsson@reykjavik.is

Sími/Tel: +354 665 4855

Reykjavík, 25. júní 2021

R21060252

Skipulags- og samgönguráð

Borgartúni 12 - 14

105 REYKJAVÍK

Efni:

***Bókun íbúaráðs Háaleitis- og
Bústaðahverfis vegna erindis um gönguljós
yfir Kringlumýrarbraut við Listabraut***

Á fundi íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis þann 24. júní 2021 var lagt fram hjálagt erindi íbúa í hverfinu dags.29. apríl 2021 um gönguljós yfir Kringlumýrarbraut yfir Listabraut, sbr. 4. liður fundargerðar ráðsins sama dag.

Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis lagði fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráðið tekur undir erindi Guðrúnar Nínu Petersen um of skammvinn gönguljós yfir Kringlumýrarbraut við Listabraut. Það er ósættanlegt að gangandi vegfarendur og þau sem þvera þungar umferðargötur séu settir í annað sætið á eftir bílaumferð þegar kemur að því að komast yfir á grænu ljósi. Íbúaráðinu hefur ítrekað borist ábendingar um þennan vanda víðs vegar í hverfum borgarhlutans Háaleiti/Bústaðir, borgarhluta sem er rammaður inn af umferðarpungum götum, og því ljóst að þetta angrar íbúa hverfisins töluvert. Það er slæmt þegar fullorðið fólk getur ekki gengið rösklega yfir en staðan er sýnu verri þegar kemur að ungum börnum sem taka græna ljósið alvarlega og fólki sem ekki fer hratt yfir sökum aldurs eða fötlunar. Íbúaráðið óskar eftir umhverfis- og skipulagsráð taki þessa athugasemd Guðrúnar Nínu til greina, sem og aðrar sambærilega sem ráðið hefur sent frá sér síðustu mánuði.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt

Heimir Snær Guðmundsson

Hjálagt:

Erindi Guðrúnar Nínu Petersen um gönguljós yfir Kringlumýrarbraut við Listabraut



- Erindi íbúa um gönguljós Kringlumýrarbraut_Listabraut.pdf

Erindi íbúa í hverfinu dags. 29. apríl 2021 gönguljós yfir Kringlumýrarbraut við Listabraut.

Góðan dag,

mig langar að biðja íbúðaráð að skoða hvort ekki sé hægt að lengja gönguljósinn yfir Kringlumýrarbrautina við Listabraut.

Þegar gengið er til vestur er ómögulegt fyrir fullorðna manneskju sem gengur raskt að komast yfir á grænu ljósi. Þegar gengið er til austurs er meiri tími þar sem gönguljósið yfir vegarhelming með umferð til norðurs eru lengri en þau yfir vegarhelming með umferð til suðurs.

Mér finnst það ekki boðlegt að hafa gönguljós still þannig þannig að gert sé ráð fyrir að gangandi vegfarendur verði í raun að bíða á miðri Kringlumýrarbrautinni heil ljós - ef þeir geta ekki hlaupið yfir götuna. Umferðarhraði er mjög mikill sem á Kringlumýrarbrautinni og örugglega oft mikil mengun. Bílaumferð hlýtur að geta beðið í örfáar sekúndur aukalega til að tryggja öryggi þeirra gangandi.

Kveðja,

Guðrún Nína Petersen